

Fundargerð aðalfundar vEDSis  
Aðalfundur vEDSis 29. ágúst 2021

Fundarstaður : Ásland 1, 270 Mosfellsbær

Fundarstörf

Aðalfundur vEDSis var haldinn sunnudaginn 29. ágúst 2021 kl 16, Áslandi 1 Mosfellsbæ.  
14 fundargestir voru mættir.

Fundinn sátu:

Borghildur Kr. Magnúsdóttir, Sveinbjörn E. Y. Gestsson, Rakel H. Magnúsdóttir, Guðbjörg L. Magnúsdóttir, Kristín Marteinsdóttir, Magnús R. Skúlason, Sigþór Marteinsson, Edda R. Jónsdóttir, Elfa Dögg Marteinsdóttir, Guðbjörg Sigþórsdóttir, Guðni Gunnarsson, Linda Berry, Jónas Æ. Jónsson, Svanhildur Jónasdóttir.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Guðbjörg L. Magnúsdóttir sá um fundarritun, Borghildur Kr. Magnúsdóttir um fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Borghildur flutti skýrslu stjórnar þar sem fram koma ástæður þess að aðalfundur er haldinn svo seint að þessu sinni (Covid 19). Samskipti við Öryrkjabandalagið varðandi umsókn um inngöngu og möguleika um styrki úr námssjóði. Fræðslufundi sem stefnt er að því að halda og inngöngu nýrra félagsmanna í félagið. Að lokum komið inn á mögulegt nýtt fyrirkomulag á fundum á netinu.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Rakel H. Magnúsdóttir fór yfir fjárhag félagsins, kostnað á síðastiðnu ári 2020 og þessu ári 2021.

4. Ákvörðun félagsgjalds

Samþykkt var að félagsgjald verði óbreytt frá árinu á undan. Aðilar sem hafa áhuga á að ganga inn í félagið mega sækja almenna fundi og þurfa ekki að greiða félagsgjald fyrr en eftir fyrstu setu þeirra á aðalfundi og ákvörðun um að verða félagsmaður eða styrktaraðili.

## 5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru gerðar að þessu sinni.

## 6. Kosning stjórnar

Kosning stjórnar fór fram með handauppréttingu.

Tvö embætti voru laus vegna árs 2021. Gjaldkeri og meðstjórnandi ( Umsjón heimasíðu )

Rakel Hanna Magnúsdóttir var kosin gjaldkeri. Linda Berry var kosin meðstjórnandi.

Embætti formanns og önnur staða meðstjórnanda (Skoðunarmaður reikninga ) standa óbreytt.

## 7. Önnur mál

Fjallað var um ástæður þess að fræðslufundur varðandi rannsóknar á virkni Celiprolol lyfsins féll niður. Vonir standa til að fundurinn verði haldinn síðar í samstarfi við Landspítalann. Einnig var farið yfir það af hverju fundur um meðgöngu kvenna með EDS var ekki heldur haldinn en vonir standa einnig um að hægt verði að halda hann síðar og þá í samstarfi við Landspítalann.

Sagt var frá því að tveir aðilar hafa sýnt áhuga á að ganga inn í félagið og farið yfir að hvernig best væri að standa að því varðandi aðgengi að fundum og félagsgjöld.

Að lokum var talað um að prófa nýjar leiðir varðandi fundarhöld og hvort að ekki væri hægt að vera með fundi á netinu. Linda, Elfa og Borghildur tóku að sér að skoða þau mál og útfæra.